# Íslenski lífeyrissjóðurinn

## Ársreikningur

## 2008

Íslenski lífeyrissjóðurinn
Austurstræti 11
155 Reykjavík
Kt. 430990-2179

# Íslenski lífeyrissjóðurinn

## Ársreikningur

## 2008

Þannig samþykkt á fundi, 28. apríl 2009

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun endurskoðenda | 2 |
| Skýrsla umsjónaraðila | 3 |
| Áritun umsjónaraðila | 4 |
| Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8-16 |
| Sérgreind yfirlit deilda | 17-19 |

# Áritun óháðra endurskoðenda

**Til stjórnar og sjóðfélaga í Íslenska lífeyrissjóðnum ehf.**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðenda**
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2008, efnahag hans 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög og settar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

**Ábending**
Mjög óvenjulegar og sérstakar aðstæður hafa skapast á fjármálamarkaði, eins og þeim er lýst í lögum nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði ofl., og þeirrar almennu óvissu sem nú ríkir um áframhaldandi rekstur fjármálafyrirtækja landsins. Ekki er fyrirséð hvaða áhrif þetta ástand hefur á stöðu lífeyrissjóðsins.
Við viljum benda á skýringu nr. 13. er varða atburði eftir lok reikningsskiladags, en þar kemur m.a. fram að Fjármálaráðuneytið að tillögu FME skipaði umsjónaraðila með Íslenska lífeyrissjóðnum. Okkur er ekki kunnugt um forsendur þeirrar ákvörðunar eða hvaða áhrif þessi ráðstöfun hefur á rekstur sjóðsins í framtíðinni.

Kópavogur, 29.apríl 2009.

**Deloitte hf.**

Sigurður Páll Hauksson
endurskoðandi

# Skýrsla umsjónaraðila

Íslenski lífeyrissjóðurinn var stofnaður í júní 1990 og staðfesti fjármálaráðuneytið samþykktir sjóðsins þann 20. júní sama ár. Tilgangur sjóðsins samkvæmt 2. gr. samþykkta er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim og erfingjum þeirra lífeyri.

Á sjóðfélagafundi 30. júní 1998 var samþykkt að breyta Íslenska lífeyrissjóðnum í alhliða lífeyrissjóð samkvæmt ákvæðum laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Fjármálaráðuneytið veitti sjóðnum síðan leyfi til starfrækslu lífeyrissjóðs 20. október 1999.

Starfsemin á árinu fólst í að taka við iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau í samræmi við lög um lífeyrissjóði, samþykktir og fjárfestingastefnu sjóðsins.

**Hér fer á eftir nafnávöxtun sjóðsins.**

| | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Líf I | -22,5% | 8,1% | 20,4% | 14,7% | 12,2% | 19,2% |
| Líf II | -20,7% | 8,0% | 19,4% | 12,8% | 11,4% | 16,2% |
| Líf III | -19,7% | 9,4% | 14,5% | 9,4% | 12,0% | 10,8% |
| Líf IV | -19,2% | 14,2% | 11,8% | | | |
| Samtrygging | -18,4% | 7,7% | 19,6% | 14,2% | 10,1% | 13,0% |

Virkir sjóðfélagar á árinu 2008 voru 21.096 talsins, en voru 20.251 í ársbyrjun. Til virkra sjóðfélaga í árslok 2008 teljast 20.355 einstaklingar sem greiddu iðgjöld á árinu að viðbættum 741 lífeyrisþegum samanborið við 19.734 greiðendur árið 2007 og 517 lífeyrisþega. Í árslok var stærð sjóðsins 26.934.556.915, sem er um 9,4% lækkun á árinu.

Á árinu 2008 starfaði enginn starfsmaður hjá sjóðnum en samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og NBI hf. fær bankinn þóknun fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins. Umsýsluþóknun Íslenska lífeyrissjóðsins til NBI hf. er nú 0,1% af meðalstöðu hreinnar eignar. Því til viðbótar reiknast árangurstengd þóknun ef ávöxtun eigna sjóðsins fer umfram þær viðmiðunarvísitölur sem fjárfestingarstefna sjóðsins tekur mið af. Árangurstengd þóknun er 20% af ávöxtun umfram viðmið sjóðsins. Samanlögð þóknun getur þó ekki farið umfram 0,5% af eignum. Árangurstengd þóknun er reiknuð sérstaklega fyrir samtryggingardeildina og hverja leið Lífsbrautarinnar. Engin þóknun reiknast vegna inneignar í Lífeyrisbók. Á árinu 2008 er umsýsluþóknun samtals 0,1% af meðalstöðu hreinnar eignar yfir árið. Sjóðurinn greiddi ekki árangurstengda þóknun fyrir árið 2008.

Árið 2008 var mjög erfitt fyrir Íslenska lífeyrissjóðinn eins og aðra innlenda og erlenda lífeyrissjóði.

Fall íslensku bankanna, hrun íslensku krónunnar og samþykki Alþingis á neyðarlögum í október 2008 hafði mjög neikvæð áhrif á eignir lífeyrissjóðsins. Á einni viku urðu flest skuldabréf íslenskra banka verðlaus. Innlán voru tekin fram fyrir skuldabréf banka í neyðarlögunum og stór hluti íslenskra fyrirtækja varð "tæknilega" gjaldþrota vegna versnandi skuldastöðu í kjölfar hruns krónunnar.

Dræma ávöxtun sjóðsins má rekja til verðfalls á skuldabréfum íslenskra banka og fyrirtækja og þá sérstaklega skuldabréfa Kaupþings banka sem var í ársbyrjun stærsti útgefandi skuldabréfa á Íslandi á eftir Íbúðarlánasjóði og íslenska ríkinu. Eign sjóðsins í innlendum hlutabréfum var langt undir fjárfestingarstefnu sjóðsins og hann var ekki með neina opna gjaldmiðlasamninga við hrunið í október 2008.

Um áramót hefur sjóðurinn fært öll verðbréf Landsbanka Íslands, Kaupþings banka og Glitnis niður um 100% auk þess sem skuldabréf útgefin af fyrirtækjum hafa verið færð verulega niður. Í ljósi versnandi efnahagsumhverfis ríkir ennþá óvissa um þá eign sem eftir er í skuldabréfum fyrirtækja.

Vegna mikillar varúðarniðurfærslu eigna á árinu 2008 er sjóðurinn ágætlega í stakk búinn til þess að standa af sér versnandi efnahagsumhverfi á árinu 2009. Stærsti hluti eigna sjóðsins er núna fjárfestur í tryggðum innlánum og skuldabréfum með ríkisábyrgð.

# Áritun umsjónaraðila

Umsjónaraðili Íslenska lífeyrissjóðsins staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. apríl 2009

**Umsjónaraðili**

Lára V. Júlíusdóttir

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2008

| | Skýr. | 2008 | 2007 |
|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | | 2.693.814.518 | 2.363.549.829 |
| Iðgjöld launagreiðenda | | 2.926.124.036 | 2.592.885.755 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | | (316.427.643) | 664.799.189 |
| | | 5.303.510.911 | 5.621.234.773 |
| **Lífeyrir** | | | |
| Lífeyrir | 3 | 503.050.517 | 365.242.673 |
| Tryggingakostnaður | | 2.718.992 | (1.572.566) |
| | | 505.769.509 | 363.670.107 |
| **Fjárfestingartekjur** | | | |
| Tekjur af eignarhlutum | | 2.231.454 | 18.626.004 |
| Vaxtatekjur og gengismunur | 4 | (1.723.223.895) | 2.201.456.328 |
| Breytingar á niðurfærslu eigna | | (5.850.608.937) | 0 |
| | | (7.571.601.378) | 2.220.082.332 |
| **Fjárfestingargjöld** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 5 | 8.552.088 | 48.168.880 |
| Vaxtagjöld | | 4.362.428 | 9.876.992 |
| | | 12.914.516 | 58.045.872 |
| **Rekstrarkostnaður** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 5 | 23.808.501 | 105.007.596 |
| | | 23.808.501 | 105.007.596 |
| **(Lækkun) hækkun á hreinni eign á árinu** | | (2.810.582.993) | 7.314.593.530 |
| **Hrein eign frá fyrra ári** | | 29.745.139.908 | 22.430.546.378 |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | | 26.934.556.915 | 29.745.139.908 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2008

| **Eignir** | **Skýr.** | **31.12.2008** | **31.12.2007** |
|---|---|---|---|
| **Fjárfestingar** | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 2,6 | 13.955.286.075 | 27.660.147.046 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 2,7 | 669.854.852 | 2.145.457.989 |
| Bankainnstæður | | 6.983.520.177 | 95.399.158 |
| | | 21.608.661.104 | 29.901.004.193 |
| **Kröfur** | | | |
| Kröfur á launagreiðendur | 2 | 69.893.366 | 105.620.641 |
| Aðrar kröfur | 12 | 525.453.567 | 36.866.747 |
| | | 595.346.933 | 142.487.388 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Sjóður og veltiinnlán | | 4.941.202.302 | 75.952.075 |
| | | 4.941.202.302 | 75.952.075 |
| **Eignir** | | 27.145.210.339 | 30.119.443.657 |

| **Skuldir** | **Skýr.** | **31.12.2008** | **31.12.2007** |
|---|---|---|---|
| **Viðskiptaskuldir** | | | |
| Aðrar skuldir | 12 | 107.381.465 | 180.167.724 |
| | | 107.381.465 | 180.167.724 |
| **Áfallinn kostnaður og fyrirfram innheimtar tekjur** | | | |
| Framvirkir samningar | 10 | 0 | 62.434.412 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | | 103.271.959 | 131.701.612 |
| | | 103.271.959 | 131.701.612 |
| **Skuldir** | | 210.653.424 | 311.869.336 |
| | | | |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris alls** | | 26.934.556.915 | 29.745.139.908 |
| | | | |
| **Greining á hreinni eign á deildir** | | | |
| Líf I | | 10.877.815.901 | 11.664.800.436 |
| Líf II | | 6.612.146.290 | 7.488.081.897 |
| Líf III | | 4.353.267.055 | 5.197.014.354 |
| Líf IV | | 2.603.800.425 | 2.973.377.724 |
| Sameign | | 2.487.527.244 | 2.421.865.497 |
| | | 26.934.556.915 | 29.745.139.908 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2008

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| **Inngreiðslur** | | |
| Iðgjöld | 5.353.129.698 | 5.594.718.530 |
| Fjárfestingartekjur | 1.149.031.295 | 789.313.507 |
| Afborganir verðbréfa | 52.902.189 | 134.570.252 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | 35.831.878.768 | 22.987.760.294 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | 6.497.809.902 | 110.000.000 |
| Aðrar inngreiðslur | (512.559.130) | 0 |
| | 48.372.192.722 | 29.616.362.583 |
| **Útgreiðslur** | | |
| Lífeyrir | 505.365.850 | 372.741.132 |
| Fjárfestingargjöld | 1.663.988.087 | 7.455.526 |
| Rekstrarkostnaður án afskrifta | 102.088.377 | 72.313.434 |
| Aðrar útgreiðslur | (28.244.868) | (105.568.322) |
| | 2.243.197.446 | 346.941.770 |
| **Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu** | 46.128.995.276 | 29.269.420.814 |
| **Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting** | | |
| Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum | 28.384.328.274 | 29.882.489.104 |
| Kaup á verðbréfum með föstum tekjum | 5.991.295.754 | 1.541.638.911 |
| Hækkun á bankainnstæðum | 6.888.121.021 | (2.202.314.508) |
| | 41.263.745.049 | 29.221.813.508 |
| **Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánum** | 4.865.250.227 | 47.607.306 |
| **Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun** | 75.952.075 | 28.344.769 |
| **Sjóður og veltiinnlán í árslok** | 4.941.202.302 | 75.952.075 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Íslenski lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Lífeyrissjóðurinn er aldurstengdur sjóður sem rekur bæði séreignadeild og samtryggingadeild.

### Samtrygging

Lífeyrissjóðurinn veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum laganna. Frjáls aðild er að lífeyrissjóðnum og hafa allir þeir sem ekki er skylt að greiða lágmarksiðgjald til annars lífeyrissjóðs heimild að greiða í þennan sjóð. Samtryggingadeild fylgir sömu fjárfestingastefnu og Líf II.

### Séreign

Lífeyrissjóðurinn tekur við viðbótariðgjöldum sjóðfélaga. Sjóðfélögum í lífeyrissjóðnum ásamt öðrum sem þess óska er frjálst að greiða viðbótariðgjöld í séreignasjóðinn. Séreignasjóðurinn býður upp á fjórar ávöxtunarleiðir með mismunandi ávöxtun og áhættu.

Leið I

Leið I stefnir að góðri langtímaávöxtun en sveiflur í ávöxtun geta orðið nokkrar yfir skemmra tímabil. Fjárfestingarstefnan mótast af því að leyfilegt er að nýta fjölbreytt tækifæri sem bjóðast á mörkuðum. Stefnt er að því að fjárfesta 35% af eignum í innlánum innlánsstofnana, 35% í innlendum skuldabréfum, 20% í hlutabréfum og 10% í óhefðbundnum fjárfestingum. Deildin hentar þeim sem eiga eftir 20 ár eða meira af söfnunartíma sínum.

Leið II

Leið II er ætluð þeim sem kjósa að taka hóflega áhættu með lífeyrissparnað sinn og ná þannig betri ávöxtun til lengri tíma. Stefnt er að því að fjárfesta 40% af eignum í innlánum innlánasstofnana, 42,5% í innlendum skuldabréfum, 10% í hlutabréfum og 7,5% í óhefðbundnum fjárfestingum. Deildin hentar þeim sem eiga eftir a.m.k. 8-10 ár af söfnunartíma sínum.

Leið III

Leið III er ætluð þeim sem vilja stöðuga ávöxtun sem sveiflast lítið. Stefnt er að því að fjárfesta 45% af eignum í innlánum innlánsstofnana, 45% í innlendum skuldabréfum, 5% í hlutabréfum og 5% í óhefðbundnum fjárfestingum. Deildin hentar þeim sem eiga fá ár eftir af söfnunartíma sínum eða eru komnir á eftirlaun.

Leið IV

Leið IV er ætluð fyrir þá sem nálgast töku lífeyris eða eru nú þegar farnir að taka út lífeyri. Stefnt er að því að fjárfesta 50% í eignum í innlánum innlánsstofnana og 50% í innlendum skuldabréfum.

### Lífeyrisréttindi

Með iðgjaldagreiðslum til öflunar lífeyrisréttinda í sameign ávinnur sjóðfélagi sér og maka sínum og börnum eftir því sem við á rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris og maka- og barnalífeyris. Réttur til töku ellilífeyris hefst þegar sjóðfélagi er orðinn 70 ára. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira og leitt hefur til tekjuskerðingar. Andist sjóðfélagi, eiga eftirlifandi maki og börn rétt á lífeyri úr sjóðnum. Í samþykktum sjóðsins er kveðið nánar á um ávinnslu réttinda en hún er aldurstengd. Lífeyrissjóðurinn ábyrgist lífeyrisskuldbindingar sínar í sameign með eignum sínum. Árlega er gerð tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins og getur hún haft áhrif á lífeyrisréttindi, því sjóðnum er skyldt að auka eða skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga fari munur milli eigna og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk.

# Skýringar

## 1. Starfsemi (framhald)

### Lífeyrisréttindi

Lífeyrisréttindi í séreignasjóðnum miðast við innborguð iðgjöld rétthafa ásamt þeirri hreinu ávöxtun sem fengist hefur á iðgjöldin. Heimilt er að hefja töku séreignarsparnaðar þegar rétthafi er orðinn 60 ára, en þó ekki fyrr en tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda í séreign.

### Útgreiðsluleiðir

Lífeyrissjóðurinn hefur, frá því að hann fékk starfsleyfi, boðið fjóra kosti (leiðir I-IV) við öflun lágmarkstryggingaverndar og hafa sjóðfélagar getað valið milli þessara kosta við inngöngu í sjóðinn. Ef sjóðfélagi velur sér ekki ákveðna leið er hann sjálfkrafa settur í leið I. Frá og með 15. maí 2003 hafa sjóðfélagar eingöngu getað valið milli leiða I og III við inngöngu í sjóðinn. Þeir sjóðfélagar sem höfðu valið leið II eða IV, fyrir 15. maí 2003, geta þó haldið áfram að greiða til sjóðsins samkvæmt þeim leiðum.

Munur leiðanna liggur í því hvernig lögbundið iðgjald sjóðfélaga skiptist á milli sameignar, bundinnar séreignar og frjálsrar séreignar. Allt iðgjald umfram lögbundið lágmarksiðgjald fer í séreign. Frjáls séreign er laus til útborgunar frá 60 ára aldri. Eftir 67 ára aldur er hún laus til útborgunar samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga. Bundin séreign er laus til útborgunar frá 70 ára aldri og greiðist með jöfnum greiðslum til þess tíma er greiðslur úr sameign hefjast. Val útgreiðsluleiðar ræður því hvenær greiðslur úr sameign hefjast. Frjáls séreign og bundin séreign eru að fullu eign sjóðfélagans og erfist samkvæmt erfðalögum. Greiðsla lífeyris úr sameign hefst við 70 ára aldur, eða síðar, eftir því hvaða útgreiðsluleið er valin, og greiðist til æviloka. Sameignin tryggir sjóðfélögum ævilífeyri, örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins.

### Starfræksla sjóðsins

Landsbankinn. annast starfrækslu lífeyrissjóðsins samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og bankans. Skrifstofa sjóðsins er að Austurstræti 11, 155 Reykjavík.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og lög um ársreikninga. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

### Gjaldmiðlar og vísitölur

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar miðað við verðlag eða gengi í árslok. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram.

### Áhættustjórnun

Sjóðurinn hefur gert framvirka gjaldmiðlasamninga við lánastofnanir. Samningarnir hafa verið gerðir í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu vegna eigna sjóðsins. Samningarnir hafa verið gerðir upp á markaðsverði. Höfuðstóll samninganna hefur ekki verið færður í efnahagsreikning, en afkoma þeirra hefur verið færð í yfirlit um breytingu á hreinni eign og efnahagsreikning. Samningarnir hafa verið færðir í efnahagsreikning með öðrum eignum eða öðrum skuldum eftir því hvort staða þeirra er jákvæð eða neikvæð. Engir samningar eru í gangi í árslok 2008.

## 2. Reikningsskilaaðferðir ( framhald )

### Skráning iðgjalda

Iðgjöld eru tekjufærð þegar iðgjaldaskilagreinar berast sjóðnum. Í árslok er einnig áætlað vegna ótilkynntra iðgjalda í samtryggingardeild. Óinnheimt iðgjöld í árslok, bæði tilkynnt og ótilkynnt, eru eignfærð sem kröfur á launagreiðendur í efnahagsreikningi.

Sjóðfélagar greiða iðgjöld inn á sameiginlegan iðgjaldareikning lífeyrissjóðsins óháð því í hvaða deild þeir greiða. Þegar skilagreinar hafa borist sjóðnum eru fjárhæðir millifærðar af þessum iðgjaldareikningi inn á réttar deildir. Í lok árs 2008 er staðan á iðgjaldareikningi sjóðsins um 103,3 milljónir króna og er hún færð til skuldar í efnahagsreikningi meðal fyrirfram innheimtra tekna.

### Lífeyrir

Lífeyrir er gjaldfærður þegar hann er greiddur til lífeyrisþega.

### Skráning tekna

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi íslensku krónunnar.

Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og bankainnstæðum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á gengi innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

### Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

### Verðbréf

Verðbréfaeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Óskráð bréf eru metin á kaupverði eða áætluðu markaðsverði hvort sem lægra er.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það er talið nauðsynlegt til að tryggja réttláta skiptingu ávöxtunar sjóðsins milli rétthafa hans.

Vegna þeirrar áhættu sem tengd er verðbréfaeign eru verðbréf færð niður í ársreikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur sem færður er til frádráttar verðbréfaeign í efnahagsreikningi.

## 3. Lífeyrir

Lífeyrir greinist þannig:

| | Leið I | Leið II | Leið III | Leið IV | Sameign |
|---|---|---|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 8.306.904 | 17.562.349 | 133.639.034 | 282.673.624 | 417.435 |
| Örorkulífeyrir | 2.020.888 | 7.697.191 | 1.859.022 | 1.111.680 | 10.551.766 |
| Makalífeyrir | 504.238 | 3.457.332 | 6.475.580 | 8.225.171 | 1.185.525 |
| Barnalífeyrir | 1.170.169 | 1.172.380 | 10.627.401 | 4.389.988 | 2.840 |
| | 12.002.199 | 29.889.252 | 152.601.037 | 296.400.463 | 12.157.566 |
| Framlag upp í örorkulífeyrir skv. örorkusamkomulagi lífeyrissjóða | | | | | 2.718.992 |
| | 12.002.199 | 29.889.252 | 152.601.037 | 296.400.463 | 14.876.558 |

## 4. Vaxtatekjur og gengismunur

| Vaxtatekjur og gengismunur greinist þannig: | 2008 |
|---|---|
| Af verðbréfum með breytilegum tekjum | (484.185.894) |
| Af verðbréfum með föstum tekjum | (1.364.104.510) |
| Af bankainnstæðum | 125.066.509 |
| | (1.723.223.895) |

## 5. Rekstrargjöld

Hjá lífeyrissjóðnum starfar enginn starfsmaður en samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og Landsbankans annast bankinn starfrækslu sjóðsins. Bankinn greiðir laun stjórnar og forstöðumanns sjóðsins og eru þau innifalin í þóknun sjóðsins til hans.

Laun og tengd gjöld til stjórnar sjóðsins sundurliðast þannig:

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Ingólfur Guðmundsson, stjórnarformaður | 0 | 0 |
| Helgi Magnússon | 550.000 | 600.000 |
| Jón Snorri Snorrason | 550.000 | 600.000 |
| Hermann Jónasson | 0 | 0 |
| Kristín Jóhannesdóttir | 550.000 | 600.000 |
| Haukur Þ. Haraldsson | 0 | 0 |
| Þórhallur Haukur Reynisson | 220.000 | 240.000 |
| Örnólfur Jónsson | 300.000 | 0 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð og tryggingagjald | 298.757 | 279.806 |
| | 2.468.757 | 2.319.806 |

| **Þóknun til endurskoðenda sundurliðast þannig:** | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Endurskoðun, árs- og milliuppgjör | 6.500.353 | 4.555.286 |
| Önnur sérfræðiþjónusta | 940.437 | 141.796 |
| | 7.440.790 | 4.697.081 |

## 5. Rekstrargjöld (framhald)

**Fjárfestingagjöld sundurliðast þannig:**

| Skrifstofu og stjórnunarkostnaður: | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Reiknaður umsýslu- og stjórnunarkostnaður | 8.552.088 | 10.530.857 |
| Árangurstengd umsýsla | 0 | 37.638.023 |
| | 8.552.088 | 48.168.880 |

**Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:**

| Skrifstofu og stjórnunarkostnaður: | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Reiknaður umsýslu- og stjórnunarkostnaður | 17.104.179 | 21.061.175 |
| Árangurstengd umsýsla | 0 | 75.276.042 |
| Fjármálaeftirlitið | 2.771.000 | 1.966.000 |
| Bundin séreign flutt út | 1.698.543 | 3.945.516 |
| Tryggingastærðfræðingur | 179.280 | 951.803 |
| Landsamtök lífeyrissjóða | 648.748 | 563.974 |
| Afgreiðslugjald markaðar | 148.126 | 175.465 |
| Starfsábyrgðartrygging | 363.417 | 0 |
| Ýmis kostnaður | 895.208 | 1.067.081 |
| | 23.808.501 | 105.007.056 |

Umsýsluþóknun Íslenska lífeyrissjóðsins til Landsbankans er 0,1% af meðalstöðu hreinnar eignar yfir árið. Því til viðbótar reiknast árangurstengd þóknun ef ávöxtun eigna sjóðsins fer umfram þær viðmiðunarvísitölur sem fjárfestingastefna sjóðsins tekur mið af.

Árangurstengd þóknun er 20% af ávöxtun umfram viðmið sjóðsins. Samanlögð þóknun getur þó ekki farið umfram 0,5% af eignum. Árangurstengd þóknun er reiknuð sérstaklega fyrir samtryggingardeildina og hverja leið Lífsbrautarinnar. Árangurstengd þóknun reiknast af jákvæðri jafnt sem neikvæðri ávöxtun.

Til þess að Landsbankinn fái aukna umsýsluþóknun í formi árangurstengdrar umsýsluþóknunar þarf ávöxtun eigna Íslenska lífeyrissjóðsins að ganga mjög vel. Árangurinn þarf að vera betri en meðaltalsbreyting á þeim mörkuðum sem hann er að fjárfesta á. Auk þess þarf sjóðurinn að vinna upp þann viðskiptakostnað sem leggst til við eignastýringu sjóðsins.

**Viðmiðunarvísitölur:**
- **Íslensk hlutabréf** - Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands
- **Íslensk skuldabréf** - Skuldabréfavísitölur Kauphallar Íslands, í samræmi við fjárfestingastefnu sjóðsins.

- **Erlend hlutabréf og skuldabréf** - Alþjóðlegar hlutabréfa- og skuldabréfavísitölur, í samræmi við fjárfestingastefnu sjóðsins.

Á árinu 2008 greiddi Íslenski lífeyrissjóðurinn ekki árangurstengda þóknun til Landsbankans.

## 6. Verðbréf með breytilegum tekjum

| Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig: | 2008 |
|---|---|
| Eignarhlutar í innlendum hlutafélögum | 4.593.221 |
| Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum | 12.305.447.636 |
| Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum | 1.645.245.218 |
| | 13.955.286.075 |

## 6. Verðbréf með breytilegum tekjum (framhald)

Eignarhlutar í innlendum félögum greinast þannig:

| | Leið I | Leið II | Leið III | Leið IV | Sameign |
|---|---|---|---|---|---|
| Skráð félög: | | | | | |
| Marel hf. | 1.009.144 | 672.737 | 252.305 | 0 | 252.305 |
| Str.-Burðarás Fjárf.banki hf. | 1.100.728 | 733.818 | 275.181 | 0 | 275.181 |
| Skráð félög alls | 2.109.872 | 1.406.555 | 527.486 | 0 | 527.486 |
| Óskráð félög: | | | | | |
| Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða | 6.765 | 10.256 | 4.801 | 0 | 0 |
| Innlend félög alls | 2.116.637 | 1.416.811 | 532.287 | 0 | 527.486 |
| Hlutabréfaeign alls | 2.116.637 | 1.416.811 | 532.287 | 0 | 527.486 |

**Hlutdeildarskírteini greinast þannig:**

| Innlendir verðbréfasjóðir: | Leið I | Leið II | Leið III | Leið IV | Sameign |
|---|---|---|---|---|---|
| Skuldabréfasjóðir | 3.617.564.944 | 2.798.274.685 | 2.784.270.986 | 1.390.169.313 | 1.061.557.959 |
| Hlutabréfasjóðir | 388.472.899 | 174.422.230 | 40.264.206 | 0 | 50.450.414 |
| Innl. verðbréfasjóðir alls | 4.006.037.843 | 2.972.696.915 | 2.824.535.192 | 1.390.169.313 | 1.112.008.373 |
| Erlendir verðbréfasjóðir: | | | | | |
| Erlendir skuldabréfasjóðir | 232.757.979 | 116.378.990 | 58.189.495 | 0 | 58.189.495 |
| Erlendir hlutabréfasjóðir | 763.629.417 | 236.947.200 | 77.580.131 | 0 | 101.572.511 |
| Erl. verðbréfasjóðir alls | 996.387.396 | 353.326.190 | 135.769.626 | 0 | 159.762.006 |
| Verðbréfasjóðir alls | 5.002.425.239 | 3.326.023.105 | 2.960.304.818 | 1.390.169.313 | 1.271.770.379 |
| Verðbréf með breytilegum tekjum alls | 5.004.541.876 | 3.327.439.916 | 2.960.837.105 | 1.390.169.313 | 1.272.297.865 |

## 7. Verðbréf með föstum tekjum

**Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:**

| | Leið I | Leið II | Leið III | Leið IV | Sameign |
|---|---|---|---|---|---|
| Skuldabréf með ríkisábyrgð | 0 | 8.981.566 | 525.254 | 0 | 393.727.749 |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 0 | 7.851.589 | 0 | 0 | 0 |
| Skuldabréf lánastofnana | 0 | 24.637.830 | 0 | 0 | 0 |
| Skbr. ft.og skbr. m/einf.áby.sveitarf. | 27.366.114 | 99.618.203 | 78.557.889 | 21.664.094 | 7.458.544 |
| | 27.366.114 | 141.089.188 | 79.083.143 | 21.664.094 | 401.186.293 |
| Niðurfærsla skuldabréfa | (149.925) | (252.015) | (132.040) | 0 | 0 |
| | 27.216.189 | 140.837.173 | 78.951.103 | 21.664.094 | 401.186.293 |

## 8. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

| | Í íslenskum krónum | Í erlendum gjaldmiðlum | Samtals |
|---|---|---|---|
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 12.310.040.857 | 1.645.245.218 | 13.955.286.075 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 669.854.852 | 0 | 669.854.852 |
| Bankainnstæður | 6.983.520.177 | 0 | 6.983.520.177 |
| | 19.963.415.886 | 1.645.245.218 | 21.608.661.104 |
| Hlutfallsleg skipting | 92,4% | 7,6% | 100% |

## 9. Markaðsverð fjárfestinga sjóðsins

Verðbréf með föstum tekjum eru eignfærð á markaðsverði. Væru þessi verðbréf færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi væri mat þeirra 5,7 milljónum króna hærra og hrein eign til greiðslu lífeyris þeim mun hærri.

## 10. Ábyrgðir og skuldbindingar

Lífeyrissjóðurinn hefur gert framvirka gjaldmiðla- og skiptasamninga við lánastofnanir á árinu. Samningarnir eru gerðir í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu vegna erlendra eigna sjóðsins. Engir samningar eru í gangi í árslok.

Lífeyrissjóðurinn hefur í árslok skuldbundið sig til að fjárfesta á næstu misserum í Landsbanka Private Equity 1 fyrir 135 milljónir króna og LandsbankaPrivate Equity II fyrir 3,25 milljónir EUR. Auk þess hafði sjóðurinn skuldbundið sig til að fjárfesta í Private Equity II+ fyrir 6,5 milljónir EUR en eftir bankahrunið eru forsendur fyrir sjóðnum brostnar og að er mati stjórnenda eru nær engar líkur á því að til kaupanna komi.

## 11. Lífeyrisskuldbindingar

Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum sjóðsins:

Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi nemur áfallin lífeyrisskuldbinding samtryggingadeildar sjóðsins 3.315 milljónum króna árslok 2008 miðað við 3,5% ársvexti og að teknu tilliti til áætlaðs kostnaðar við rekstur sjóðsins. Endurmetin hrein eign deildarinnar í árslok 2008 er 2.569,1 milljónir króna eða 745,9 milljónum krónum lægri. Lífeyrisskuldbinding samtryggingadeildar í árslok 2008 greinist þannig:

| **Eignir:** | Áfallin skuldbinding m.kr. | Framtíðar-skuldbinding m.kr. | Heildar-skuldbinding m.kr. |
|---|---|---|---|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 2.487,5 | | 2.487,5 |
| Núvirði verðbréfa, hækkun | 161,4 | | 161,4 |
| Lækkun vegna fjárfestingargjalda | (79,8) | | (79,8) |
| Núvirði framtíðariðgjalda | ,0 | 11.168,2 | 11.168,2 |
| | 2.569,1 | 11.168,2 | 13.737,3 |

## 11. Lífeyrisskuldbindingar (framhald)

| Skuldbindingar: | Áfallin skuldbinding m.kr. | Framtíðar-skuldbinding m.kr. | Heildar-skuldbinding m.kr. |
|---|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 2.202,6 | 8.141,6 | 10.344,2 |
| Örorkulífeyrir | 858,7 | 1.981,5 | 2.840,2 |
| Makalífeyrir | 208,6 | 589,1 | 797,7 |
| Barnalífeyrir | 0,4 | 123,4 | 123,8 |
| Rekstrarkostnaður | 44,7 | 302,1 | 346,8 |
| | 3.315,0 | 11.137,7 | 14.452,7 |
| Skuldbindingar umfram eignir | (745,9) | 30,5 | (715,4) |
| Í hlutfalli af skuldbindingum | -22,5% | 0,3% | -4,9% |

## 12. Aðrar eignir

| Aðrar eignir greinast þannig: | 2008 |
|---|---|
| Kröfur vegna iðgjaldaflutninga | 666.965 |
| Landsbankinn | 26.394.017 |
| Skipting vaxta milli deilda | 1.814.627 |
| Innlendar viðskiptakröfur | 342.400.000 |
| Erlendar viðskiptakröfur | 153.409.536 |
| Aðrar eignir | 768.422 |
| | 525.453.567 |

| Aðrar skuldir greinast þannig: | 2008 |
|---|---|
| Ógreiddur kostnaður | 107.381.465 |
| | 107.381.465 |

## 13. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Við yfirtöku FME á Straumi-Burðarás Fjárfestingabanka hf í mars 2009 átti Íslenski lífeyrissjóðurinn hlutabréf í félaginu að fjárhæð kr. 2.384.908 og innlán að fjárhæð kr. 55.133.546.

Þann 17. mars s.l. skipaði Fjármálaráðuneytið að tillögu Fjármálaeftirlitsins Láru V. Júlíusdóttur umsjónaraðila með Íslenska lífeyrissjóðnum. Tillögur Fjármálaeftirlitsins um skipun umsjónaraðila eru fram komnar í kjölfar rannsóknar eftirlitsins á því hvort Íslenski lífeyrissjóðurinn hafi gerst brotlegur við lög varðandi starfsemi áárinu 2008. Fjármálaeftirlitið hefur vísað málinu til frekari rannsóknar sérstaks saksóknara sem hafið hefur opinbera rannsókn á þessu máli.

## 14. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur af umsjónaraðila þann 28. apríl 2009.

# Skýringar

## 15. Kennitölur

**Fimm ára yfirlit um kennitölur sjóðsins samkvæmt reglum um ársreikninga lífeyrissjóða:**

| | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hrein raunávöxtun | -34,40% | 2,22% | 10,10% | 8,65% | 6,86% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar | | | | | |
| sl. 5 ár | -3,04% | 8,15% | 7,35% | 4,12% | 1,45% |
| sl. 10 ár | -0,54% | 4,64% | 5,06% | 4,67% | 4,45% |
| Hlutfallsleg skipting fjárfestinga: | | | | | |
| Skráð verðbréf m. breytil. tekjum | 47,38% | 26,70% | 78,03% | 89,86% | 94,17% |
| Skráð verðbréf m. föstum tekjum | 1,64% | 62,19% | 2,55% | 0,21% | 2,96% |
| Óskráð verðbr. m. breytil. tekjum | 5,18% | 2,55% | 8,18% | 0,56% | 0,83% |
| Óskráð verðbréf m. föstum tekjum | 0,88% | 7,99% | 0,89% | 3,23% | 0,49% |
| Bankainnstæður | 44,91% | 0,57% | 10,34% | 6,14% | 1,55% |
| Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum: | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum | 92,39% | 87,54% | 84,16% | 71,28% | 71,69% |
| Eignir í erl. gjaldmiðlum | 7,61% | 12,46% | 15,84% | 28,72% | 28,31% |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga - meðaltal | 15.497 | 14.629 | 12.788 | 9.277 | 6.499 |
| Fjöldi virkra lífeyrisþega - meðaltal | 740 | 516 | 400 | 290 | 165 |
| Hlutfallsleg skipting lífeyris: | | | | | |
| Eftirlaun | 87,98% | 89,60% | 91,12% | 88,88% | 94,68% |
| Örorkulífeyrir | 4,62% | 5,12% | 3,44% | 4,04% | 1,43% |
| Makalífeyrir | 3,95% | 4,85% | 4,56% | 3,89% | 1,90% |
| Barnalífeyrir | 3,45% | 0,43% | 0,87% | 3,19% | 1,99% |
| Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt: | | | | | |
| Hrein eign umfram heildarskuldbindingar | -4,9% | 2,5% | 9,8% | 4,9% | 3,1% |
| Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar | -22,5% | 9,7% | 53,8% | 37,5% | 27,3% |

Yfirlit um kennitölur, skipt niður á brautir sjóðsins:

| | Leið I | Leið II | Leið III | Leið IV | Sameign |
|---|---|---|---|---|---|
| Hrein raunávöxtun | -36,72% | -33,70% | -32,35% | -32,84% | -31,21% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar | | | | | |
| sl. 5 ár | -2,90% | -2,60% | -3,30% | | -1,90% |
| Hlutfallsleg skipting fjárfestinga: | | | | | |
| Skráð verðbr. m. brl. tekjum | 53,10% | 54,52% | 79,32% | 52,81% | 59,18% |
| Skráð verðbr. m. föstum tekjum | | 0,81% | 0,01% | | 21,48% |
| Óskráð verðbr. m. brl. tekjum | 6,21% | 9,90% | 4,32% | | 10,23% |
| Óskráð verðbr. m. föstum tekjum | 0,32% | 1,92% | 2,22% | 0,82% | 0,41% |
| Bankainnstæður | 40,37% | 32,85% | 14,13% | 46,37% | 8,70% |
| Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum: | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum | 80,86% | 85,09% | 92,77% | 100,00% | 84,96% |
| Eignir í erl. gjaldmiðlum | 19,14% | 14,91% | 7,23% | | 15,04% |
| Fjöldi sjóðfélaga | 18.997 | 5.247 | 2.970 | 3.481 | 5.582 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 72 | 79 | 262 | 323 | 57 |

# Deildarskipt yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2008

| | Leið I | Leið II | Leið III | Leið IV | Sameign | Samtals 2008 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | | | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | 1.493.252.656 | 491.091.342 | 241.445.135 | 255.972.844 | 212.052.541 | 2.693.814.518 |
| Iðgjöld launagreiðenda | 1.534.612.324 | 505.430.329 | 272.538.044 | 198.804.249 | 414.739.090 | 2.926.124.036 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur milli brauta | (881.957.829) | 154.402.368 | 270.277.425 | 457.278.044 | 0 | 0 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | 502.244.014 | (177.513.150) | (338.060.903) | (301.162.782) | (1.934.830) | (316.427.643) |
| | 2.648.151.165 | 973.410.889 | 446.199.701 | 610.892.355 | 624.856.801 | 5.303.510.911 |
| **Lífeyrir** | | | | | | |
| Lífeyrir | 12.002.199 | 29.889.252 | 152.601.037 | 296.400.463 | 12.157.566 | 503.050.517 |
| Tryggingakostnaður | 0 | 0 | 0 | 0 | 2.718.992 | 2.718.992 |
| | 12.002.199 | 29.889.252 | 152.601.037 | 296.400.463 | 14.876.558 | 505.769.509 |
| **Fjárfestingartekjur** | | | | | | |
| Tekjur af eignarhlutum | 691.329 | 1.120.469 | 419.656 | 0 | 0 | 2.231.454 |
| Vaxtatekjur og gengismunur | (1.367.126.710) | (483.825.216) | 116.680.057 | 139.559.590 | (128.511.616) | (1.723.223.895) |
| Breytingar á niðurfærslu eigna | (2.039.556.364) | (1.326.924.589) | (1.248.116.593) | (820.066.370) | (415.945.021) | (5.850.608.937) |
| | (3.405.991.745) | (1.809.629.336) | (1.131.016.880) | (680.506.780) | (544.456.637) | (7.571.601.378) |
| **Fjárfestingargjöld** | | | | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 4.199.791 | 2.632.346 | 1.806.047 | 1.070.233 | (1.156.329) | 8.552.088 |
| Vaxtagjöld | 2.898.164 | 875.345 | 166.940 | 0 | 421.979 | 4.362.428 |
| | 7.097.955 | 3.507.691 | 1.972.987 | 1.070.233 | (734.350) | 12.914.516 |
| **Rekstrarkostnaður** | | | | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 10.043.801 | 6.320.217 | 4.356.096 | 2.492.178 | 596.209 | 23.808.501 |
| | 10.043.801 | 6.320.217 | 4.356.096 | 2.492.178 | 596.209 | 23.808.501 |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu** | (786.984.535) | (875.935.607) | (843.747.299) | (369.577.299) | 65.661.747 | (2.810.582.993) |
| **Hrein eign frá fyrra ári** | 11.664.800.436 | 7.488.081.897 | 5.197.014.354 | 2.973.377.724 | 2.421.865.497 | 29.745.139.908 |
| **Hrein eign í árslok til gr. lífeyris** | 10.877.815.901 | 6.612.146.290 | 4.353.267.055 | 2.603.800.425 | 2.487.527.244 | 26.934.556.915 |

# Deildarskiptur efnahagsreikningur 31. desember 2008

| Eignir | Leið I | Leið II | Leið III | Leið IV | Sameign | Samtals 2008 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjárfestingar** | | | | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 5.004.541.876 | 3.327.439.916 | 2.960.837.105 | 1.390.169.313 | 1.272.297.865 | 13.955.286.075 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 27.216.189 | 140.837.173 | 78.951.103 | 21.664.094 | 401.186.293 | 669.854.852 |
| Bankainnstæður | 3.406.369.763 | 1.696.946.547 | 500.277.778 | 1.220.521.356 | 159.404.733 | 6.983.520.177 |
| | 8.438.127.828 | 5.165.223.636 | 3.540.065.986 | 2.632.354.763 | 1.832.888.891 | 21.608.661.104 |
| **Kröfur** | | | | | | |
| Kröfur á launagreiðendur | 16.201.827 | 7.185.090 | 4.720.295 | 904.110 | 40.882.044 | 69.893.366 |
| Aðrar kröfur | 273.878.612 | 153.489.821 | 54.727.120 | 464.680 | 42.893.334 | 525.453.567 |
| | 290.080.439 | 160.674.911 | 59.447.415 | 1.368.790 | 83.775.378 | 595.346.933 |
| **Aðrar eignir** | | | | | | |
| Sjóður og veltiinnlán | 2.283.248.919 | 1.316.675.742 | 769.508.000 | 1.252.188 | 570.517.453 | 4.941.202.302 |
| | 2.283.248.919 | 1.316.675.742 | 769.508.000 | 1.252.188 | 570.517.453 | 4.941.202.302 |
| **Eignir** | 11.011.457.186 | 6.642.574.289 | 4.369.021.401 | 2.634.975.741 | 2.487.181.722 | 27.145.210.339 |
| **Skuldir** | | | | | | |
| **Viðskiptaskuldir** | | | | | | |
| Viðskiptareikningur milli brauta | (7.474.154) | 9.783.285 | 3.481.107 | (2.629.076) | (3.161.162) | 0 |
| Framvirkir samningar | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Aðrar skuldir | 37.843.480 | 20.644.714 | 12.273.239 | 33.804.392 | 2.815.640 | 107.381.465 |
| | 30.369.326 | 30.427.999 | 15.754.346 | 31.175.316 | (345.522) | 107.381.465 |
| **Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur** | | | | | | |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 103.271.959 | 0 | 0 | 0 | 0 | 103.271.959 |
| | 103.271.959 | 0 | 0 | 0 | 0 | 103.271.959 |
| **Skuldir** | 133.641.285 | 30.427.999 | 15.754.346 | 31.175.316 | (345.522) | 210.653.424 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris alls** | 10.877.815.901 | 6.612.146.290 | 4.353.267.055 | 2.603.800.425 | 2.487.527.244 | 26.934.556.915 |

# Deildarskipt yfirlit um sjóðstreymi ársins 2008

| | Líf I | Líf II | Líf III | Líf IV | Sameign | Samtals 2008 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Inngreiðslur** | | | | | | |
| Iðgjöld | 2.659.202.612 | 985.786.949 | 447.208.383 | 611.696.990 | 649.234.764 | 5.353.129.698 |
| Fjárfestingartekjur | 615.711.414 | 282.077.839 | 110.945.127 | 32.213.836 | 108.083.079 | 1.149.031.295 |
| Afborganir verðbréfa | 0 | 0 | 2.131.802 | 0 | 50.770.387 | 52.902.189 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | 17.353.564.492 | 5.628.829.372 | 5.403.627.871 | 4.521.338.693 | 2.924.518.340 | 35.831.878.768 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | 906.475.160 | 4.869.646.212 | 428.041.220 | 105.000.000 | 188.647.310 | 6.497.809.902 |
| Aðrar inngreiðslur | (268.806.230) | (152.653.662) | (53.443.017) | 0 | (37.656.221) | (512.559.130) |
| | 21.266.147.448 | 11.613.686.710 | 6.338.511.386 | 5.270.249.519 | 3.883.597.659 | 48.372.192.722 |
| **Útgreiðslur** | | | | | | |
| Lífeyrir | 12.559.386 | 31.148.918 | 149.257.759 | 297.213.028 | 15.186.759 | 505.365.850 |
| Fjárfestingargjöld | 897.994.618 | 454.139.302 | 157.141.408 | 7.731.841 | 146.980.917 | 1.663.988.087 |
| Rekstrarkostnaður án afskrifta | 42.586.035 | 26.246.432 | 17.776.135 | 1.721 | 15.478.055 | 102.088.377 |
| Viðskiptareikningar milli brauta | (48.969.215) | 5.624.185 | 12.386.926 | 24.889.611 | 6.068.493 | 0 |
| Aðrar útgreiðslur | 0 | 0 | 0 | (28.244.868) | 0 | (28.244.868) |
| | 904.170.824 | 517.158.837 | 336.562.228 | 301.591.333 | 183.714.224 | 2.243.197.446 |
| **Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu** | 20.361.976.624 | 11.096.527.873 | 6.001.949.158 | 4.968.658.186 | 3.699.883.435 | 46.128.995.276 |
| **Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting** | | | | | | |
| Kaup á verðbréfum með breytil. tekjum | 14.478.529.755 | 2.882.244.540 | 4.646.448.116 | 3.842.283.800 | 2.534.822.063 | 28.384.328.274 |
| Kaup á verðbréfum með föstum tekjum | 238.058.875 | 5.219.844.619 | 92.320.606 | 0 | 441.071.654 | 5.991.295.754 |
| Hækkun (lækkun) á bankainnstæðum | 3.406.369.765 | 1.696.946.547 | 500.277.778 | 1.125.122.198 | 159.404.733 | 6.888.121.021 |
| | 18.122.958.395 | 9.799.035.706 | 5.239.046.500 | 4.967.405.998 | 3.135.298.450 | 41.263.745.049 |
| **Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánum** | 2.239.018.229 | 1.297.492.167 | 762.902.658 | 1.252.188 | 564.584.985 | 4.865.250.228 |
| **Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun** | 44.230.690 | 19.183.575 | 6.605.342 | 0 | 5.932.468 | 75.952.075 |
| **Sjóður og veltiinnlán í árslok** | 2.283.248.919 | 1.316.675.742 | 769.508.000 | 1.252.188 | 570.517.453 | 4.941.202.303 |

**Aðrar upplýsingar**